

**Fundargerð 19. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**  
**Fundur haldinn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 9. desember 2015 kl. 10.30**

**Dagskrá:**

1. Hlutverk stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.
2. Byggðaáætlun 2017-2023.
3. Umdæmaskipting landsins.
4. Árlegar greinargerðir landshlutasamtaka sveitarfélaga.
5. Önnur mál.

**Mættir:** Hanna Dóra Másdóttir formaður (ANR), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Karl Björnsson (sambandinu), Þórarinn V. Sólmundarson (MMR) Unnur Orradóttir Ramette (UTN) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá voru Björg Björnsdóttir (landshlutasamtökunum) og Snorri Björn Sigurðsson (Byggðastofnun) með á símafundi frá Egilsstöðum og Sauðárkróki.

**Fjarverandi:** Björn Helgi Barkarson (UAR), Elvar Knútur Valsson (ANR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Inga Birna Einarsdóttir (VEL), Sigurður Guðmundsson (FJR), Stefanía Traustadóttir (IRR) og Þór G. Þórarinsson (VEL).

Fundargerð 18. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

**Umfjöllun og afgreiðsla:**

**1. Hlutverk stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**

Formaður fór yfir helstu verkefni stýrihópsins eins og þau eru tilgreind í lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir, í viðauka við samning um sóknaráætlanir landshluta 2015-2019 og í skipunarbréfi fulltrúa stýrihópsins. Þá greindi formaður frá því að ráðherra byggðamála hygðist leggja fram minnisblað fyrir ríkisstjórn um stöðu og hlutverk stýrihópsins. Í kjölfarið er stefnt að því að minnisblaðið verði kynnt fyrir öllum ráðuneytisstjórum. Fundarmenn fögnuðu fyrirhugaðri tilhögun, enda mikilvægt að hlutverk og staða stýrihópsins sé skýrt.

Ákveðið var að lista upp verkefni stýrihópsins og bæta við upplýsingum um hvenær og hvernig vinna á hvert verkefni. Samþykkt var að stýrihópurinn vinni drög að minnisblaði fyrir ríkisstjórn um hlutverk stýrihópsins.

**2. Byggðaáætlun 2017-2023**

Formaður fór yfir hvað nýju lögini um byggðaáætlun og sóknaráætlanir kveða á um varðandi gerð byggðaáætlunar. Í þeim kemur meðal annars fram að byggðaáætlun skuli unnin í umboði ráðherra af Byggðastofnun í samvinnu við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál og að haft skuli samráð við ráðuneyti, sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga og aðra haghafa eftir þörfum. Þær meginbreytingar sem lögini fela í sér hvað byggðaáætlun varðar er að hún mun ná til sjö ára í stað fjögurra ára og að hún mun ná til alls landsins, en hingað til hefur hún ekki náð yfir höfuðborgarsvæðið. Þá munu öll ráðuneyti koma að undirbúningi byggðaáætlunar í gegnum stýrihópinn.

Fyrir fundinn höfðu fundarmenn fengið senda umræðupunkta sem Árni Ragnarsson hjá Bygðastofnun hefur unnið varðandi undirbúning, mótun og samráð við gerð byggðaáætlunar. Fundarmenn voru sammála um að uppleggið væri gott og fögnuðu því sérstaklega að boðað verði til hugarflugsfundar um byggðaáætlun með alþingismönnum í byrjun janúar. Bent var á að greining á sóknaráætlunum landshluta þyrfti að vera hluti að undirbúningi og verður þeim verkþætti bætt við.

Góðar umræður urðu um nýja byggðaáætlun. Það sem meðal annars var rætt voru meginmarkmið, innihald og fjármagn. Fram kom sú hugmynd að óska eftir því við ráðuneytin að þau rýndu þær stefnur sem undir þau heyra og tengjast byggðamálum. Þá var þeirri spurningu velt upp hvort ef til vill væri betra að ný byggðaáætlun taki gildi árið 2018 með hliðsjón af vinnu ráðuneytanna undirbúning fjárlaga, en tillögur þeirra þurfa að liggja fyrir í febrúar eða mars.

Fulltrúi forsætisráðuneytisins lagði fram hugmynd að fjórskiptingu byggðaáætlunar þar sem fyrsti hluti væri almennur stefnukafli, í öðrum hluta kæmu fram markmið áætlunarinnar og samþættingu hennar við aðrar stefnur og áætlanir, í þriðja hluta væri fjallað um sóknaráætlanir landshlutanna og í fjórða hluta kæmu fram almennar aðgerðir byggðaáætlunar. Almennt var tekið vel í þessa hugmynd.

Fundarmenn sammála um að aðkomu allra ráðuneyta, í gegnum stýrihópinn, að gerð byggðaáætlunar feli í sér mikil tækifæri og því mikilvægt að minnisblað um hlutverk og stöðu stýrihópsins fari fyrir ríkisstjórn sem fyrst.

### **3. Umdæmaskipting landsins**

Á síðasta fundi stýrihópsins, undir lið 2, var umdæmaskipting landsins lítillega rædd. Formaður greindi frá því að hún hefði rætt málið við ráðherra byggðamála sem væri áhugasamur um að skoða málið sérstaklega með hlutaðeigandi ráðuneytum.

Fulltrúi forsætisráðuneytisins greindi frá fundi sem hann átti með Hagstofunni deginum áður, í kjölfar fyrirspurnar Austurbrúar til ráðuneytisins, þar sem ræddir voru möguleikar á að samhæfa ýmsar umdæmaskiptingar. Forsætisráðuneytið mun skoða þetta mál áfram og ákvörðun um hvort það verður tekið áfram innan þess ætti að liggja fyrir í næsta mánuði.

Bent var á að erfitt getur verið að samræma öll umdæmismörk og að mikilvægt væri að skipta ekki upp sóknaráætlunarsvæðum. Ákveðið að halda áfram umræðunni í byrjun næsta árs.

### **4. Árlegar greinargerðir landshlutasamtaka sveitarfélaga**

Formaður og verkefnastjóri greindu frá vinnu við gerð sniðmáts sem landshlutasamtök sveitarfélaga þurfa að fylla inn í vegna skila á árlegum greinargerðum. Sniðmátið hefur verið sent til umsagnar til landshlutasamtakanna og bárust ábendingar frá þremur landshlutum, Vesturlandi, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra. Formanni og verkefnisstjóra falið að ganga frá sniðmáttinu í endanlegt form.

### **5. Önnur mál**

#### *a) Fyrirspurn um afgreiðslu tillagna norðvesturnefndarinnar*

Fram kom fyrirspurn um afgreiðslu tillagna Norðvesturnefndarinnar og hvenær þær yrðu gerðar opinberar. Fulltrúi forsætisráðuneytisins svaraði því til að hann ætti von á að tillögurnar yrðu teknar til afgreiðslu ríkisstjórnar á næstu dögum og yrðu gerðar opinberar eftir það.

*a) Næsti fundur stýrihóps*

Næsti fundur stýrihópsins ákveðinn mánudaginn 21. desember kl. 14.00-16.00 í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.11.55.